

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Fundargerð



Aðalfundur HÍN nr. 130

Haldinn mánudaginn 25. febrúar 2019 kl. 18:15 í Öskju, Brynjólfsgötu 5, í húsnæði Náttúruminjasafns Íslands.

Fundarstjóri: Arnar Pálsson Ritari: Margrét Hugadóttir

Dagskrárliðir:

Formaður setur fundinn og stingur upp á að Arnar Pálsson prófessor við Háskóla Íslands verði fundarstjóri og að Margrét Hugadóttir verði fundarritari. Það er samþykkt.

Fram kom ósk í upphafi fundar um breytingu á fundarsköpum og hvort að mætti hefja fundinn á liðnum Önnur mál.

Fundurinn samþykkti það.

Hjörtur Marteinson og Guðbjörg Lind Jónsdóttir komu á fundinn til að segja frá fundi á bók sem er skrifuð af Stefáni Stefánssyni sem kennslubók um gróðurríki Íslands fyrir skólapilta í Möðruvallaskóla veturinn 1890-1891. Þau afhentu stjórn HÍN bókinu formlega til eignar. Ester Rut, formaður tók við bókinni og þakkaði kærlega fyrir.

Skýrsla formanns um störf stjórnar. Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður HÍN

Síðasti aðalfundur HÍN var haldinn í Öskju, Háskóla Íslands þann 26. febrúar 2018. Kjörtímabil þriggja stjórnarmanna, auk formanns, rann út á aðalfundinum. Þetta voru Árni Hjartarson (formaður), Hafdís Hanna Ægisdóttir (varaformaður), Ester Rut Unnsteinsdóttir (gjaldkeri) og Jóhann Þórsson (félagsvörður). Auk þess óskaði Hilmar Malmquist eftir því að láta að stjórnarsetu, eftir eitt ár frá kjöri. Árni Hjartarson gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður. Í hans stað var Ester Rut Unnsteinsdóttir kjörin til formanns en á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega, lögum samkvæmt. Í stað Hilmars Malmquist var Hrefna Sigurjónsdóttir kjörin til eins árs. Jóhann Þórsson, félagsvörður, gaf kost á sér til endurkjörs. Jafnframt voru kjörin, ný til stjórnarsetu, þau Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir og Steinþór Níelsson, jarðfræðingar hjá Íslenskum orkurannsóknum. Skoðunarmenn reikninga voru kjörin þau Þóroddur Þóroddsson og Freydís Vigfúsdóttir.

Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins skipti stjórnin með sér verkum, öðrum en formannsstarfinu. Stjórnin var því þannig skipuð á starfsárinu 2018: Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður, Hrefna Sigurjónsdóttir varaformaður, Margrét Hugadóttir ritari, Steinþór Níelsson gjaldkeri, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Bryndís Marteinsdóttir meðstjórnandi.

Stjórnarfundir

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn haldið 10 venjubundna stjórnarfundum, oftast nær í húsnæði Náttúruminjasafns Íslands í Loftskýtastöðinni gömlu á Melunum. Einn óhefðbundinn fundur var haldinn á öðrum vettvangi en þá var farið í svokallaða SVÓT greiningu og mörkuð stefna fyrir stjórn til að efla félagið. Einn fundur var haldinn í húsnæði Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti.

FÉLAGSMENN

Á síðasta aðalfundi bættist einn félagi á lista heiðursfélaga HÍN: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og fyrrum formaður HÍN. Fjöldi félagsmanna stóð í stað á árinu 2018. Þeir voru 1161 í árslok 2018 og er það fækkun um 2 frá fyrra ári. Nýir félagar voru 20 en 22 hættu – þar af létust 10. Félagatalið hefur verið að sveiflast í kringum 1200 allt frá aldamótum. Ljóst er að fara þarf í kröftugt átak til að laða fólk að félaginu og fá það til inngöngu.

FRÆDSLUPERINDI

Fræðslufundir félagsins voru haldnir í stofu 132 í Öskju, Háskóla Íslands. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir sex fundir en erindi sem stefnt var að í september og október féllu niður. Aðsókn á þessa fundi hefur farið dvínandi með árunum. Til stóð að halda málþing í stað fræðsluerinda í haust en því var frestað fram á vorið. Eftirfarandi erindi voru haldin:

25. febrúar: Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Þorskur í þúsund ár: vistfræði sjávar byggð á fornum þorskbeinum.

26. mars: Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir. CarbFix: Steinrenning koldíoxíðs og brennisteinsvetnis í basalti.

6. desember: Hilmar Malmquist og Álfheiður Ingadóttir. Náttúruminjasafn Íslands bauð félagsmönnum leiðsögn sýninguna Vatnið í náttúru Íslands.

28. janúar. Kári Helgason. Saga stjórnumyndunar skrásett í bakgrunnsljós alheimsins.

Útgáfa

Frá síðasta aðalfundi hafa komið út tvö tvöföld hefti af Náttúrufræðingnum – þ.e. árg. 86, 1.-2.

hefti og 3.-4. hefti. Álfheiður Ingadóttir er ritstjóri tímaritsins en henni til aðstoðar voru þau Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur og Hrefna Berglind Ingólfssdóttir, líffræðingur.

Í ritstjórn Náttúrufræðingsins sitja:

Droplaug Ólafsdóttir, dýrafræðingur, formaður
Esther Ruth Guðmundsdóttir, jarðfræðingur
Hlynur Óskarsson, vistfræðingur
Jóhann Þórsson, líffræðingur og fulltrúi stjórnar HÍN
Óskar Sindri Gíslason, sjávarlíffræðingur
Tómas Grétar Gunnarsson, dýravistfræðingur
Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur

Mörður Árnason er prófarkalesari og málfarsráðunautur tímaritsins. Hafdís Hanna Ægisdóttir, plöntuvistfræðingur hætti í ritnefndinni á árinu og er henni þakkað óeigingjarnt starf í þágu náttúrufræðinga. Jafnframt er Jóhann Þórsson boðinn velkominn í nefndina. Öllu þessu fólki er þakkað fyrir þeirra framlag.

Netmiðlar

Bryndís Marteinsdóttir hefur umsjón með heimasíðu félagsins www.hin.is. Félagið er einnig með virka Facebook og Instagram síðu. Margrét Hugadóttir hefur umsjón með samfélagsmiðlum en allir stjórnarmenn bera þar ritstjórnarábyrgð.

Nefndir

Samstarfshópur frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála starfar á vegum Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis. Hópin skipta þessi félög:

Félag um verndun hálendis
Fuglavernd
Fuglaverndarfélag Íslands Austurlands
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Landvernd
Náttúruverndarfélag Suðvesturlands
Náttúruverndarsamtök Austurlands - NAUST
Náttúruverndarsamtök Íslands
Náttúruverndarsamtök Vesturlands
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi - SUNN
Samtök útivistarfélaga - SAMÚT
Skóræktarfélag Íslands
Sól í Hvalfirði
Umhverfisverndarsamtök Íslands

Formaður, Ester Rut Unnsteinsdóttir er fulltrúi HÍN en Hólfríður Sigurðardóttir hjá Fuglavernd er talsmaður og tengiliður hópsins við ráðuneytið. Hópurinn hefur verið beðinn um tilnefningar í nefndir og ráð og á fulltrúa í nokkrum nefndum á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. HIN hefur m.a. tilnefnt fulltrúa í eftirfarandi verkefni á sl. starfsári:

- 1) Kuðungurinn, umhverfisviðurkenning Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.
- 2) Loftslagssjóður.
- 3) Starfhópur vegna endurskoðunar laga um mat á umhverfisáhrifum.
- 4) Samráðshópur sem skal vera svæðisráði til ráðgjafar við gerð strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum annarsvegar og Austfjörðum hinsvegar.
- 5) Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum.
- 6) Dagur umhverfissins.
- 7) Íslensku fjölmiðlaverðlaunin.

Nýr umhverfis-og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson hafði þegar kallað hópinn saman til kynningar þegar nýr formaður tók til starfa.

Málefni Náttúruminjasafns

HÍN hefur lagt áherslu á bága stöðu Náttúruminjasafns Íslands frá stofnun þess árið 2008 og staðið þétt að baki forsvarsmönnum safnsins í baráttu fyrir úrbættum í húsnæðismálum. Á síðastliðnu starfsári birti heldur betur til í þeim efnum er fyrsta sýning safnsins opnaði í Perlunni þann 1. desember, á aldarafmæli íslenska lýðveldisins. Eins og fram hefur komið er þó sýningaraðstaðan í Perlunni aðeins í mýflugumynd. Hið örlitla sýningasvæði sem safninu hefur verið úthlutað er til leigu hjá Perlu norðursins, einkaaðilum sem hafa Perluna til umráða og reka þar sýningu um náttúru Íslands. Nú er svo komið að stærsta og veglegasta sýning um náttúru landsins er rekin af einkaaðilum meðan framtíðarhúsnæðismál Náttúruminjasafnsins eru í ólestri.

Lokaorð

Fyrsta starfsár mitt sem formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags hefur nú runnið sitt skeið. Ekki hafa orðið neinar stórkostlegar breytingar frá tíð forvera míns, Árna Hjartarsonar. Stjórnin var að hálfu leyti skipuð nýliðum og tókum við okkur tíma í að greina styrkleika og veikleika, ógnir og tækifæri. Ég bý að því að hafa leitað til Árna varðandi hlutverk formanns en það tekur sinn tíma að komast inn í verkefni sem á sér svo langa forsögu. Ég ber honum kærar þakkir fyrir hans leiðsögn um fyrirkomulagið, sögu og málefni félagsins.

Eins og áður hefur komið fram stendur félagið á tímamótum en á þessu ári eru 130 ár frá stofnun þess. Félagið okkar stendur frammi fyrir sömu áskorunum og mörg önnur áhugamannafélög um þessar mundir, fækkun virkra félaga. Fritími fólks er takmarkaður og ákaflega fjölbreytt dagskrá í boði fyrir þá sem hafa áhuga á málefnum náttúrunnar eða bara hverju sem er. Fólk virðist almennt minna tilbúið til að

skuldbinda sig en samt virðist auðvelt að ná saman fjölda til skyndilegs átaks þegar mikið liggur við. Þó félagið okkar sé háaldrað þá nýtur það virðingar og hefur skapað sér ákveðinn sess í huga fólksins í landinu. Mikilvægt er að halda áfram og virða þau gildi sem félagar telja að HÍN standi fyrir. Í þessu samhengi eru mér ofarlega í huga þær tvær stofnanir sem sprotnar eru af grunni félagsins: Náttúrufræðistofnun (stofnuð 1965) og Náttúruminjasafnið (stofnað 2008). Þessar stofnanir verða ætíð nátengdar félaginu, vegna starfsemi sinnar, forsögu og hlutverks. Mér finnst því mikilvægt að félagar þekki sögu þessara stofnana og geri kröfu á að yfirvöld styðji sem best við starfsemi þeirra.

Útgáfa tímaritsins *Náttúrufræðingurinn* er eitt merkasta og mikilvægasta langtímaverkefni HÍN og afar metnaðarfull, þökk sé framlagi dugmikillar ritstjórnar. Von er á frumvarpi sem lagt verður fyrir Alþingi í vor, um stuðning við frjálsa fjölmiðlun. Vísað er til þess að Íslendingar þurfi að hafa aðgang að vönduðu fréttatengdu efni á íslensku máli, til að vera læsir á málefni líðandi stundar og geta tekið lýðræðislega afstöðu til mála. Að sama skapi þarf að styðja við bakið á útgáfu fræðirita á borð við Náttúrufræðinginn. Mikilvægt er að almenningur hafi aðgang að vönduðu efni um brýn málefni eins og náttúrufræði og umhverfismál. Þetta er okkar hlutverk og þarna kemur útgáfa Náttúrufræðingsins sannarlega að gagni. Þess ber að geta að HÍN hefur fengið um eina milljón kr. í rekstrarstyrk frá Mennta- og menningamálaráðuneytinu til að mæta kostnaði við útgáfuna. Fyrir það ber að þakka. Á 130 ára afmælisári félagsins eru upphafleg markmið Hins íslenska náttúrufræðifélags enn í fullu gildi: *Miðlun fróðleiks á sviði náttúrufræða og að koma á fót veglegu náttúrugripasafni*. Ekki er annað að sjá en að baráttan fyrir varanlegu húsnæði undir Náttúruminjasafnið standi enn þó nokkuð hafi þokast á síðastliðnu ári með opnun þemasýningar í Perlunni. Málið er einfalt, baráttu HÍN og annarra áhugasamra aðila fyrir lausn á málefnum Náttúruminjasafnsins er ekki lokið fyrr en safnið fær til umráða varanlegt húsnæði fyrir starfsemi sína. Aðeins þá verður hægt að framfylgja lögbundnu hlutverki Náttúruminjasafnsins, höfuðsafns Íslands í náttúrufræðum.

Ester Rut Unnsteinsdóttir
formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags

Athugasemd frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Að stjórnin vinni að því að ná inn nýju fólki í félagið. Efni til nýrra viðburða sem gætu laðað að fólki. Til dæmis mætti bjóða upp á fjölbreyttari viðburði sbr. ferðir, t.d. skoðunarferð í stöðu náttúrufræða við Háskóla Íslands (inns. ritara Vísindaferð) og bæta mætti við ferðum og skoðunarferðum í náttúruna undir leiðsögn fagfólks. Hjörleifur tók fram að staðan sé ekki viðunandi hjá svo finnst þetta ekki viðunandi staða hjá slíku félagi.

Svar frá formanni. Rétt hjá Hjörleifi. Það er mikill höfðuverkur að finna leið til að auka þátttöku félaga og fjölga félögum. Stjórnin fór í SWÓT greiningu (styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri) og til tals hafa komið ýmsar tillögur. Til stendur að breyta fyrirkomulagi fræðsluerinda á þann hátt að þau séu af fjölbreyttara tagi. Í vor er áætluð gönguferð í Hrótagjá. Félagar eru hvattir til að koma með hugmyndir að viðburðum og koma til stjórnar.

Ath. frá fundarstjóra. Auðvelt er fyrir kennara í Öskju að bjóða félagsmenn velkomna í skoðunarferð. Þóra Ellen bætti við að þau þyrftu að vera duglegri að bjóða nemendum í félagið og segja frá því.

2. Annað mál frá Hjörleifi. Hann kallar eftir skýrri stefnu félagsins í málefnum Náttúruminjasafns Íslands. Stendur enn til að krefjast þess að Náttúruminjasafnið verði byggt?

Hann minnti á að á bak við $\frac{1}{3}$ hluta félagsins Perla Norðursins, Perluvinir, vinna ekki að sýningunni í hagnaðarskini.

Athuga mætti stöðu á því hvort að hægt væri að ná meira rými fyrir Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni. T.d. tönkum. Það væri hægt að tengja rekstur NMSÍ við einkarekstur Perlu Norðursins.

Svar frá formanni. Aðalatriðið er að menn láti ekki staðar numið þó komin sé glæsileg sýning í Perlunni. Ljóst er að finna þarf varanlega lausn, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða aðrar lausnir. HÍN hefur ekki verið upplýst um núverandi stöðu mála varðandi framtíðarhúsnæði NMSÍ. Mikilvægt sé að HÍN hafi réttar upplýsingar til að geta beitt sér í málinu.

Skýrsla gjaldkera Steinþórs Níelssonar.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til atkvæðagreiðslu. Reikningar voru yfirfarnir og staðfestir af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga, Þóroddi Þóroddssyni og Freydísi Vigfúsdóttur.

REKSTRARREIKNINGUR 2018

	Skýringar	2018	2017
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld og áskriftir	(1)	4.068.400	4.882.900
Bækur, veggspjöld og ferðir	(2)	113.307	126.000
Rekstrarstyrkur		900.000	1.100.000
REKSTRARTEKJUR ALLS		5.081.707	6.108.900
REKSTRARGJÖLD			
Útgáfumál og framkvæmdastjórn	(3)	5.542.143	5.993.767
Laun og launatengd gjöld	(4)	0	0
Almennur rekstrarkostnaður	(5)	47.160	182.920
REKSTRARGJÖLD ALLS		5.589.303	6.176.687
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		-507.596	-67.787
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur og verðbætur		199.784	199.784
Vaxtagjöld	(6)	32.917	45.665
Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld		166.867	154.119
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		-340.729	86.332

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

	Skýringar	2018	2017
EIGNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Sjóður og bankainnistöður	(7)	9.016.673	9.201.733
Viðskiptamenn		8.716.405	7.859.381
Birgðir		1.795.478	1.795.478
VELTUFJÁRMUNIR ALLS		19.528.556	18.856.592
EIGNIR SAMTALS		19.528.556	18.856.592
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé	(9)	12.700.247	11.480.437
EIGIÐ FÉ ALLS		12.700.247	11.480.437
SKULDIR			
Lánardrottnar		5.551.127	5.173.532
Virðisaukaskattur	(8)	0	0
SKULDIR ALLS		5.551.127	5.173.532
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		18.251.374	16.653.969

SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2018

	2018	2017
1. ÁRGJÖLD OG ÁSKRIFTIR		
Félagsgjöld	4.068.400	2.829.800
ALLS	4.068.400	2.829.800
2. BÆKUR, VEGGSPJÖLD, FERÐIR OFL		
Seldar bækur	0	0
Seld veggspjöld /Kunstir náttúrunnar	6.000	0
Sala Náttúrufræðingshefta	113.307	231.611
Fræðsluferðir og námskeið	0	0
Rekstrarstyrkur/auglýsingar	900.000	1.460.000
ALLS	1.019.307	1.691.611
3. ÚTGÁFUMÁL OG FRAMKVÆMDASTJÓRN		
NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN		
Ritstjórn og ritlaun	3.738.014	3.931.003
Prentun og bókband	891.533	1.212.277
Prófarkalestur	230.000	360.000
Ljósmyndir	0	0
Dreifing	250.596	180.861
Annar kostnaður/heimasíða	432.000	8.258
ALLS	5.542.143	5.692.399
Framkvæmdastjóri (verktaki)	0	0
Dreifing og félagaskrá (verktaki)	0	0
ALLS	0	0
FÉLAGSBRÉF (ÚTGÁFUKOSTNAÐUR)		28.641
SAMTALS	5.542.143	5.721.040
4. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD		
Laun	0	0
Launatengd gjöld	0	0
ALLS	0	0
5. ALMENNUR REKSTRARKOSTNAÐUR		
SÖLU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR		
Sími	0	0
Burðargjöld og giróseðlar	0	53.940
Ritföng og prentun	17.032	47.525
Rit og bækur v/rekstrar	0	0
Félagsgjöld (Landvernd)	0	30.000
Viðhald innréttinga	0	0
Vél- og hugbúnaður (tölvur) - internet	6.230	140.409
Matar og kaffikostnaður	0	0
Styrkir	0	0
Ýmislegt án VSK.	23.898	286.586
Funda/ráðstefnukostnaður	0	10.952
ALLS	47.160	569.412
KOSTNAÐUR V/NÁMSKEIÐA OG FERÐA		
Kostnaður v/sumarferða	0	0
ALLS	0	0
SAMTALS	47.160	569.412

SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2018

	2018	2017
6. VAXTAGJÖLD		
Vaxtagjöld og verðbætur		
Dráttarvextir		11.845
Fjármagnstekjuskattur	32.917	55.070
ALLS	32.917	66.915
7. SJÓÐUR OG BANKAINNSTÆÐUR		
Sjóður		0
Landsbanki Laugavegi tékk 014 798		181.068
Peningamarkaðsreikn SpNor 552 165	8.996.951 kr	6.953.131
Netreikningur SpNor 200 381	2.631 kr	2.579
Íslandsbanki Lækjarg tékk 401 889	15.518 kr	15.512
Yfirdráttarreikningur BYR 566-26-2165	- kr	0
Íslandsbanki 251745	1.573 kr	1.538
ALLS	9.016.673	7.153.828
8. VIRÐISAUKASKATTUR		
Útskattur	0	0
Uppgjörsreikningur fyrir VSK.	0	0
ALLS	0	0
9. EIGIÐ FÉ		
Höfuðstóll	13.040.976	12.954.644
Jöfnun á höfuðstól		
Bóksala fyrri ára ekki færð til bókar áður		
Hagnaður (tap) ársins	-340.729	86.332
ÓRÁÐSTAFAD EIGIÐ FÉ	12.700.247	13.040.976

Rekstrartekjur voru 5081707- en rekstrargjöld 5850000,-. tap án fjármagnsliða var því upp á __-. fjármunatekjur voru upp á __- og því nam tap ársins 68645, - ljóst er að tekjur standa ekki undir kostnaði, sem er aðallega vegna útgáfu Náttúrufræðingsins. ath.

Birgðastöðu getið, og hefur hún verið sú sama 1.795.478,- og spurning er hvort að afskrifa skuli þær birgðir með hefðbundnum hætti, t.d. 10% á ári. Endurskoðaðir og yfirfarnir reikningar félagsins lagðir fram til atkvæðagreiðslu.

Athugasemd: Hvað útskýrir háan dreifingarkostnað í lið Dreifing?

Gjaldkeri tekur að rukkun um dreifingu hafi verið tvítekinn fyrir 2017 og 2018.

Athugasemd: Gæta þarf þess að ársreikningur og bankareikningar séu stemmdir af svo að ekki komi fram.

Yfirfarið af Þóroddi Þóroddssyni og Freydísi Sigfúsdóttur.

Fundarmenn samþykkja einróma framlagða ársreikninga með fyrirvara um að dreifingarkostnaður sé leiðréttur og að gjaldkeri og skoðunarmenn reikninga skoði aftur reikningana og samþykki þá.

Kosning stjórnarmanna og skoðunarmanna reikninga,

6. grein stjórnar.

Árið 2019 rennur út umboð Hrefnu Sigurjónsdóttur varaformanns, Margrétar Hugadóttur ritara og Bryndísar Marteinsdóttur meðstjórnanda.

Steinþór Níelsson gjaldkeri hefur ákveðið að láta af stjórn vegna anna en hann á eftir ár í stjórnarsetu.

Fundurinn samþykkir að brugðið sé út af lögum félagsins og að einn stjórnarmaður verði kjörinn í eitt ár í stað SN.

Eftirfarandi gefa kost á sér til stjórnar:

Bryndís Marteinsdóttir

Hrefna Sigurjónsdóttir,

Margrét Hugadóttir,

Snæbjörn Guðmundsson í eitt ár í stað SN.

Samþykkt með þorra atkvæða

Kosning á skoðunarmönnum reikninga.

Steinþór Níelsson og Sveinbjörn Egill Björnsson gefa kost á því að vera

skoðunarmenn reikninga.

Fundurinn samþykkir kjör skoðunarmenn reikninga.

Önnur mál.

Ályktun á aðalfundi HÍN

Tillaga frá stjórn um að senda út ályktun aðalfundar vegna húsnæðisvanda NMSÍ.

Helsta baráttumál félagsins hefur frá upphafi verið að koma á fót sem fullkornustu Náttúrugripasafni á Íslandi. Um áratugaskeið var til slíkt safn, sem forkólfar félagsins settu á laggirnar og var rekið með ýmsum hætti í meira en öld. Var safnið afhent yfirvöldum og síðast starfrækt í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar við Hlemm í Reykjavík.

Sýningarsölum þar var lokað í apríl 2008 í kjölfar laga um Náttúruminjasafn Íslands, sem samþykkt voru árið 2007 (nr. 35/2007) án þess að annað húsnæði væri til fyrir safnið.

Í meira en áratug hefur Náttúruminjasafnið barist fyrir því að koma á fót sýningastarfsemi í eigin húsnæði. Hið íslenska náttúrufræðifélag hefur staðið þétt að baki Náttúruminjasafninu í þeirri baráttu.

Stórt skref var stigið á síðasta ári þegar fyrsta sýning Náttúruminjasafns Íslands, frá stofnun þess, var opnuð í Perlunni á 100 ára fullveldisafmæli Íslands, þann 1.

desember. Sýningin í Perlunni er helguð Vatninu í náttúru Íslands og er glæsileg í alla staði, en hún er í sýningasvæði sem leigt er af Perlu norðursins, einkaaðilum sem reka sýningu um náttúru Íslands í Perlunni. Svæðið sem um ræðir nægir ekki til að hægt sé að uppfylla þarfir og lögbundin verkefni Náttúruminjasafnsins.

Hið íslenska náttúrufræðifélag telur að húsnæðismál Náttúruminjasafns séu ófullnægjandi og brýnir Alþingi, forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra auk umhverfis- og auðlindaráðherra til að bæta þar úr. Minnt er á skuldbindingu stjórnvalda samkvæmt þingsályktun Alþingis nr. 70/145 þar sem kemur fram að Alþingi skyldi „fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns“. Í greinargerð með ályktuninni, sem að stóðu forsvarsmenn allra flokka sem þá áttu sæti á Alþingi, sagði að auki: „**Mikilvægt er að koma á fót hér á landi slíkri byggingu er hýsi merkar náttúruminjar og tryggja Náttúruminjasafni með því aðstöðu til frambúðar.**“

Hið íslenska náttúrufræðifélag bendir á að varanleg lausn á sýningarhaldi Náttúruminjasafnsins næst ekki fyrr en safnið hefur til umráða varanlegt sýningarhúsnæði.

Athugasemd frá Hjörleifi Guttormssonar

Mikil einföldun í þessari ályktun, vantar greinargerð og frekari skýringar. HG stingur upp á að stjórnin efni til fundar um framtíðarmál N'attúruminjasafnsins til þess að fá upplýsingar um stöðu mála og umræðu um það hvernig efnilegast sé að ganga fram í þessu máli.

Á slíkum fundi gætu verið aðilar frá stjórnvöldum og aðilum sem málinu tengjast. Athuga að koma á upplýsandi fundi sem tekur við hugmyndum. Stjórnin þarf að átta sig á raunverulegri stöðu.

Svar frá formanni.

Til eru nokkuð margar samhljóðandi greinargerðir sem óþarfi er að endurskrifa og hægt að vísa í. Formanni hugnast vel að boða til fundar þar sem staða mála er upplýst og efnið tekið fyrir.

Aths. frá Árna Hjartarsyni

Samþykkur því að vísa ályktun til stjórnar sem vinni hana áfram.

Skerpa mætti á því að það er í stjórnarsáttmála sé nefnt að sérhús rísi fyrir NMSÍ.

Svar formanns -

Það sem þarf að koma frá þessum fundi eru stutt knöpp skilaboð um að málinu sé ekki lokið og vinna þurfi áfram í því.

Fundargestir samþykkja að ályktun sé vísað til stjórnar og að félögum sem mættu á aðalfundinn verði send drög að ályktun aðalfundar til athugasemda og/eða samþykktar.

Athugasemd frá Ólafi Z Ólafssyni

Hvort að hægt sé að efla til fjáröflunar t.d. með aðstoð þr fyrirtækis/rúv. Hægt væri að safna fjármagni og um leið auglýsa það.

Stjórn tók vel í þessa hugmynd og lagði til að leggja slíkar hugmyndir fyrir vinnufund þar sem rætt verði um framtíðarstefnu safnsins, og hvernig lagt sé til að það komi til framkvæmda.

Fundurinn samþykkti að vísa ályktun til stjórnar sem fullvinnur hana.

Ekki fleira fært til bókar. Fundi slitið kl. 19:40.